

## Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2019

### Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 4. júlí 2019

**Akureyri.** Júnímánuður var óvenju þurr og sólríkur samkvæmt Veðurstofu Íslands. Meðalfjöldi frjókorna í júní frá árinu 1998 er 703 frjó/m<sup>3</sup>. Heildarfjöldi frjókorna nú reyndist vera nokkuð undir meðallagi eða 546 frjó/m<sup>3</sup> þrátt fyrir veðurbliðu en hugsanlega vegna þurrka. Frjókorn voru samt samfellt í lofti allan mánuðinn.


Birkifrjó mældust mjög fá í júní og virðast þau flest hafa fallið í maí. Heildarfjöldi var einungis 42 frjó/m<sup>3</sup> en meðalfjöldi birkifrjóa í júní er 356 frjó/m<sup>3</sup>. Frjótíma birkis er nú lokið.

Grasfrjó mældust alla daga utan fimm. Hæst fóru þau í 32 frjó/m<sup>3</sup> þann 28. júní en heildarfjöldi var 180 frjó/m<sup>3</sup>. Það er svipaður fjöldi grasfrjóa og í júní 2018. Bæði árin var fjöldinn töluvert yfir meðaltali júnímánaðar sem er núna 98 frjó/m<sup>3</sup>.

Súrufrjó mældust 37 frjó/m<sup>3</sup> sem er töluvert yfir meðaltali sem er 13 frjó/m<sup>3</sup>.

Aðrar frjógerðir í júní voru einkum frjó sveipjurta 50 frjó/m<sup>3</sup>, rósaættar 47 frjó/m<sup>3</sup>, furufrjó 45 frjó/m<sup>3</sup> og starufrjó 30 frjó/m<sup>3</sup>. Alls mældust 20 frjógerðir.

Tæp 60% af öllu frjómagni í júní féll síðustu átta daga mánaðarins, flest 25. júní eða 75 frjó/m<sup>3</sup>.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní á Akureyri. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 32 þann 28. júní. Súrufrjó mældust yfir meðaltali en birkifrjó lítið og ekkert eftir 26. júní. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.



**Garðabær.** Mjög hlýtt og sólríkt var á höfuðborgarsvæðinu í júní en einnig óvenju þurr samtíðigt Veðurstofu Íslands. Heildarfrjöldi frjókorna mældist 503 frjóm<sup>3</sup> sem er vel undir meðaltali júnímánaðar (1230 frjóm<sup>3</sup>). Skýringin felst ef til vill í þurrkatíðinni. Frjókorn náðu þó að vera samfellt í lofti allan mánuðinn.


Birkifrjó mældust mjög fá eða 29 frjóm<sup>3</sup>. Aðeins einu sinni áður hafa birkifrjó mælst jafn fá í júní, það var árið 2014. Meðalfjöldi birkifrjóa í júní er 567 frjóm<sup>3</sup>. Frjótíma birkis er lokið.

Grasfrjó voru 181 frjóm<sup>3</sup>, sem er mjög lítið miðað við meðaltalið sem er 299 frjóm<sup>3</sup>. Margar tegundir grasa eiga þó enn eftir að blómstra og því gætu grasfrjóum fjölgað á næstu mánuðum.

Súrufrjó mældust 45 frjóm<sup>3</sup>, vel yfir meðaltalinu sem er 23 frjóm<sup>3</sup>.

Aðrar frjógerðir í júní voru helstar starufrjó 40 frjóm<sup>3</sup>, yllifrjó 32 frjóm<sup>3</sup>, furufrjó 28 frjóm<sup>3</sup> og frjó rósaættar 26 frjóm<sup>3</sup>. Alls mældust 15 frjógerðir.

Öfugt við Akureyri þá féll 80% frjóa á fyrstu 18 dögum mánaðarins. Flest 18. júní, 45 frjóm<sup>3</sup>.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 23 frjóm<sup>3</sup> þann 6. júní. Lítið var um súrufrjó og birkifrjó mældust lítið sem ekkert eftir 12. júní. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

*Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.*

Garðabær 4. júlí 2019

Ellý Guðjohnsen

Netfang [elly@ni.is](mailto:elly@ni.is)

[www.ni.is](http://www.ni.is)

